


Fermingarblað Vífils 1985

1. TÖLUBLAÐ

1985

7. ÁRGANGUR



Húseigendatrygging er sjöföld trygging!



- Vatnstjónatrygging
- Glertrygging
- Foktrygging
- Brottflutnings- og húsaleigutrygging
- Innbrotstrygging
- Sótfallstrygging
- Ábyrgðartrygging húseigenda



Brunabótafélag Íslands

LAUGAVEGI 103, 105 REYKJAVÍK. SÍMI 26055.

UMBOÐ GARÐABÆJAR - SVEINATUNGU VIÐ VÍFILSSTAÐAVEG - SÍMI 44740



Kæru bæjarbúar

Núna eins og undanfarin ár mun skátafélagið Vífill sjá um sölu fermingarskeyta hér í bænum, sem bæði er bæjarbúum til þæginda og félaginu til styrktar. Í þessu blaði sem kemur nú út eru birtir listar

með nöfnum allra þeirra sem munu fermast í Gardabæ.

Nafnalistarnir eru eins og þeir lágu fyrir er blaðið fór í prentun. En eðlilega má búast við að ýmsar breytingar hafi orðið á röð barn-

anna frá þeim tíma. Það er von okkar að við munum nú eiga jafn ánægjuleg og góð viðskipti við bæjarbúa, eins og undanfarin ár. Lifið heil.



Útgefandi:

Skátafélagið Vífill
Hraunhólum 12, Gardabæ

Ábyrgðarmaður:

Páll Hilmarsson

Ritstjóri:

Haukur Þór Haraldsson

Ritstjórn:

Björn Hilmarsson
Kolbrún Reinholds dóttir
Fjóla Jónsdóttir
Karl Rúnar Þórssón
Guðfinna Aradóttir
Lilja Jónsdóttir
Sólveig Einarsdóttir
Hjörtur Jónsson
Jóhann G. Pálsson
Sigurður B. Sigurðsson
Ingi Þórðarsson
Ólafur Jónsson
Gunnar Erlingsson
Orri Hafsteinn Hilmarsson
Kristinn Hermannsson

Ljósmyndir:

Björn Hilmarsson
Haukur Þór Haraldsson
Jón Þór Ólafsson

NÝR PÍTUSTADUR

Eiríkur pítumeistari hefur nú opnað nýjan og glæsilegan pítustað og býður upp á gírnilegar og ljúffengar pítur svo og hamborgara og ýmislegt meðlæti.

Píta með buffi	135.- kr.
Píta með kótilettum	165.- kr.
Píta með kjúklingi (1/4)	200.- kr. (1/2) 290.- kr.
Píta með djúpsteiktum fiski	125.- kr.
Grænmetispíta	95.- kr.
Barnapíta	80.- kr.

OPIÐ ALLA DAGA KL. 10.00 - 23.30
NÆG BÍLASTÆÐI

Pítu-húsið

IDNBÚÐ 8, GARÐABÆ
SÍMI: 64 12 90

Bókasafn Garða

V/Vífilsstaðaveg
210 Garðabæ
sími 52687.

OPIÐ:

Mánudaga	kl. 9-19
Þriðjudaga	kl. 9-19
Miðvikudaga	kl. 9-19
Fimmtudaga	kl. 9-19
Föstudaga	kl. 9-19
Laugardaga	kl. 13-15

ÚTLÁN:

Frá kl. 13. Laugardaga frá kl. 13.

SUMARTÍMI:

Opið frá kl. 13. Lokað á laugardögum.
Hverjum lánþega er heimilt að fá 3 bækur á skírteini.

LÁNSTÍMI BÓKA:

30 dagar.

Skemmist eða týnist bók, greiðist hún með nýrri bók eða andvirði hennar.



Apótek

LYFJABÚÐ

hefur verið opnuð að

HRÍSMÓUM 2

(Nýja miðbænum í Garðabæ)

Þjónustutími verður:

mánud. — föstud. og laugard.
KL. 9—19 KL. 11—14

APÓTEK GARÐABÆJAR
SÍMI 651321

Sigurjón Guðjónsson
lyfsali.



Umboð fyrir EXCELCIS snyrtivörur

**SÓLBADSTOFAN
DALASÓL**

Dalsbyggð 12 - Garðabæ - Sími 46123

FERMINGARSTÚLKUR ATHUGIÐ!

Námskeið í snyrtingu og litaráðgjöf
fyrir fermingardaginn.

Heilsu og snyrtisérfræðingur
á staðnum.

10% afsláttur fyrir öll fermingarborn.

Opið alla daga.

Verið velkomin.



Félagsútilega Vífils

Hellisbúar segja frá:

Helgina 22.-24. febrúar fór skátafélagið í útilegu sem heppnaðist í alla staði mjög vel.

Við tókum rútuna hjá Skara (Óskari). Á Kópavogshæð tók rútan upp á því að bila, en við létum það ekki á okkur fá, heldur redduðum annari rútu á meðan gert var við hina. Í henni ókum við til Sigurjóns Vilhjálmssonar, mátarstólpa félagsins og fyrrverandi félagsforingja. Var hann við hátíðlega athöfn, með blysum, fánum og tilheyrandi, gerður að heiðursfélaga Vífils.

Síðan var ekið sem leið lá að Úlfjótuvatni og þar með var þessi útilega hafin. Við settum hana að ævafornum sið, þ.e.a.s. með skátahaitinu (alltaf sama tuggan). Að því búnu komum við okkur fyrir. Þá byrjuðu ósköpin aftur, og afsannaðist þar að fall sé farar heill. Vatnsleiðslan sprakk og gangurinn var að fyllast af vatni þegar við af alkunnri skátasniöld tróðum tyggjói í gatið. Eftir kakó og kex, voru allir reknir í rúmið, enda nam

seinkunin 3 klst. Þessi nótt leið eins og allar aðrar. Við vorum vakin í morgunsárið með lúðrablaetri og klukknahljómi. Síðan hófust þessir vanalegu hlutir þ.e.a.s. morgunmatur, þvottur og fánahylling. Síðast en ekki síst hin sívinsæla morgunleikfimi. Þessi leikfimi var í allra þyngsta lagi enda stjórnandinn engin Jónína Ben. heldur Haukur Haralds., harðjaxlinn sjálfur. Skálaskoðun fylgdi í kjölfarið, og var hún með allra strangasta móti, enda fannst eina rykkornið sem eftir var í skálanum. Að loknum hádegisverði hófst undirbúningur að Olympiu-leikum og „sameiningu þjóðanna“, en það var mottó ferðarinnar. Að undirbúningi loknum fórum við í póstaleik, sem í senn var lærdómsríkur og mjög skemmtilegur, því næst hófust leikarnir. Við gengum sem leið lá á mjög svo fallegan stað í nágrenninu, Fossá. Á leiðinni fóru leikarnir fram, þeir fólust í ýmsu venjulegu, svo sem hoppi, stökki, hlaupi, kasti og fleiru, sem útfært var á

mjög svo skemmtilegan og skátalegan máta. Næsta klst. var frjáls og notuðu menn hann til að sinna hinum ýmsu áhugaefnum. Um kvöldið fór fram sameiginleg veisla með sameiginlegum matseðli, sem í grófum dráttum var á þessa leið:

Forréttur : enginn

Aðalréttur : járnbrautarslys (hakk og fl. torkennilegt)

Eftirréttur : Súkkulaðibúðingur m. spæni.

Kvöldvöku var slegið upp, eftir góðan undirbúning, með glymjandi söng og gítartónum. Og eftir hrollvekjandi draugasögur, vorum við send út til að eltast við fremur spaugilegar draugadruslur sem mistókust hrápalega, en allir höfðu samt gaman af. Eftir þennan næturleik snæddum við kakó og kex og skridum ánægð í pokana eftir erfiðan og ánægjulegan dag.



Sunnudagurinn var tíðindarminni, þó að skálaskoðunin væri í engu vægari. En sett var á svið eitt stk. flugslys sem vakti stormandi lukku. Síðan kom Skari og keyrði alla í Eden og allir fengu sér ís. Haldið var heim með nýjum vinum, nýja reynslu og minningar sem seint munu gleymast.

Óli og Siggi.





BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS GARÐABÆ

SÍMI 53944

Við bjóðum Garðbæinga, svo og alla aðra viðskipta-
vini okkar velkomna í nýtt og rýmra húsnæði í nýja
miðbæ Garðabæjar -á miðju þessu ári-

Önnumst öll innlend og erlend bankaviðskipti og af-
greiðslu VISA korta.

Afgreiðslutími:

kl. 9.15-16.00 mánudaga-föstudaga,
síðdegisafgr. fimmtudaga kl. 17.00-18.00.

Búnaðarbankinn Garðabæ



Eftirtalin fyrirtæki styrktu útgáfu þessa

Hárgreiðslustofan Rún
Hrismóum 4.

Sælgætisgerðin
Móna hf.

*Stakkahrauni 1
Hafnarfirði*

Sælgætisgerðin Góa hf.
Hafnarfirði

Fiskbúðin
*Hafnarfjarðarvegi 3
Hafnarfirði*

Myndbandaleigan
Miðbær
Strandgötu 19

Kentuchy Fried Chicken
Hjallahrauni 15

Billjardstofa Hanarfj.
Hjallahrauni 13

Innréttingaverkstæði
Kristjáns

Skúllatúni 7, Hanarf.

Þakpappaverksmiðjan hf.

Garða-Héðinn
Stórásí 4-6

Hilda hf.
Bolholti 6, Rvk.



Stjórn Vífils
Björn Hilmarsson
Dóra B. Torfadóttir
Þór Ingólfsson
Kolbrún Reinholdsd.
Guðfinna Aradóttir
Jón Þór Ólason

Skátaskeyti eru ódýr

Sumar dagurinn fyrsti

Hátíðarhöld sumardagsins fyrsta n.k. verða með hefðbundnum hætti eins og hin fyrri ár. Skátamessa verður í Garðakirkju kl. 11.

Klukkan 14.00 verður svo gengið í skrúðgöngu frá gatnamótum Karlabrautar og Hofsstada-brautar að skátaheimilinu. Þar verður fánahylling en að henni lokinni verður margt um dýrðir. Skátaheimilið verður opið og þar verður hægt að tylla sér niður og fá sér kaffisopa eða skoda þær framkvæmdir sem skátarnir verða með útifyrir.

Komið og takið þátt í hátíðarhöldunum og kveðjið þann erfida vetur sem svo mjög hefur þrugað okkur bæjarbúa, og fagnið sumri með von um sól og sumaryl.



FERMINGAR Í GARÐAKIRKJU

31. mars, kl. 10.30 f.h.

Ásgerður Edda Víglundsdóttir
Gígjulundi 7
Auður Skúladóttir
Hörgslundi 15
Auður Ævarsdóttir
Hörgatúni 13
Björg Helga Geirsdóttir
Furulundi 8
Guðrún Helga Þórðardóttir
Lyngmóum 8
Gunnhildur Gunnlaugsdóttir
Skógarlundi 21
Margrét Sigurjónsdóttir
Faxatúni 13
Ólöf Björk Halldórsdóttir
Skógarlundi 4
Sigríður Björnsdóttir
Einilundi 6
Svandís Geirsdóttir
Ásbúð 36
Þórey Þóll Vilhjálmisdóttir
Skógarlundi 7
Atli Brynjar Guðmundsson
Asparlundi 8
Davíð Haukur Unnsteinsson
Breiðási 5
Freyr Harðarson
Ásbúð 57
Grétar Strange
Hörgslundi 1
Gunnar Kristinn Sigurðsson
Móaflöt 55
Hjörtur Pálmi Jónsson
Hrúsholti 9
Jón Pétursson
Hæðarbyggð 13
Júlíus Helgi Schopka
Móaflöt 27
Víðir Sigurðsson
Espilundi 2
Þorbjörn Rúnarsson
Sunnufliöt 7
Þorsteinn Eyfjörð Benediktsson
Holtsbúð 30

31. mars, kl. 14.00 e.h.

Guðrún Arnbjörg Sævarsdóttir
Melási 8
Guðrún Björg Björnsdóttir
Dalsbyggð 12
Guðrún Helga Sigurðardóttir
Kjarrmóar 9
Halla Jónsdóttir
Lækjarfit 10
Inga Margrét Friðriksdóttir
Fífumýri 15
Kolbrún Guðmundsdóttir
Ásbúð 31
Margrét Valgerður Pálsdóttir
Holtsbúð 4
Rakel Rut Valdimarsdóttir
Hlíðarbyggð 53
Steinunn Ýr Randversdóttir
Asparlundi 13
Arnór Hvanndal Arnórsson
Móaflöt 41
Birgir Hákon Valdimarsson
Ásbúð 78
Birgir Rúnar Jónsson
Hlíðarbyggð 27
Elías Guðmundsson
Lækjarfit 14
Friðrik Einarsson
Hörpulundi 5
Guðmundur Gunnarsson
Lyngmóum 4
Gunnar Sigurðsson
Laufási 6
Hafsteinn Þór Pétursson
Einilundi 8
Hinrik Pétursson
Dalsbyggð 5
Pétur Daniélsson
Sunnufliöt 32
Sigurður Bjarni Sigurðsson
Kríunesi 11
Sigurður Ingi Ljótsson
Lyngmóum 9
Stefán Kjærnested
Þrastarlundi 16

8. apríl, kl. 10.30 f.h.

Ásta Sigríður Einarsdóttir
Bakkaflöt 10
Bryndís Pálsdóttir
Hagaflöt 12
Elisabet Sveinsdóttir
Móaflöt 4
Guðrún Valgerður Ásgeirsdóttir
Garðaflöt 21
Ólafía Ása Jóhannesdóttir
Lindarflöt 8
Ragnhildur Hjördís Lövdahl
Hagaflöt 22
Selja Dís Jónsdóttir
Sunnufliöt 38
Sigrún Heiða Richter
Sunnufliöt 27
Valný Björg Guðmundsdóttir
Blikanesi 4
Arnar Þór Jónsson
Hegranesi 24
Börkur Gunnarsson
Þernunesi 11
Eiríkur Jóhann Aðalsteinsson
Sunnufliöt 31
Ellert Sigurðsson
Markarflöt 28
Guðmundur Njáll Guðmundsson
Brekkubyggð 8
Hallgrímur Páll Guðmundsson
Hegranesi 25
Ingólfur Karl Bjargmundsson
Hlíðarbyggð 23
Jón Halldór Guðmundsson
Brekkubyggð 50
Kjartan Haukur Kjartansson
Mávanesi 8
Kristinn Þór Hermannsson
Garðaflöt 27
Már Másson
Blikanesi 28
Róbert Jack
Blikanesi 2
Sigurður Sævar Sævarsson
Kjarrmóar 36
Sverrir Gunnarsson
Hlíðarbyggð 24

8. apríl, kl. 14.00 e.h.

Fríða Ólöf Gunnarsdóttir
Marargrund 6
Hrönn Birgisdóttir
Breiðási 7
Sigríður Þorbjörg Sigurjónsdóttir
Haukanesi 3
Svava Guðmundsdóttir
Mávanesi 13
Þóra Steinunn Pétursdóttir
Hegranesi 34
Sigrún Alda Magnúsdóttir
Holtsbúð 34
Brynjar Ágúst Hilmarsson
Lindarflöt 47
Egill Guðmundsson
Sunnufliót 22
Elías Eliasson
Hæðarbyggð 20
Erlingur Erlingsson
Mávanesi 10
Haukur Hauksson
Haukanesi 16
Ívar Helgi Óskarsson
Aratúni 24
Jónmundur Kristinn Guðmundsson
Dalsbyggð 4
Leifur Reynisson
Faxatúni 36
Ólafur Arinbjörn Sigurðsson
Bakkafliót 4
Orri Hilmarsson
Lindarflöt 47
Pétur Ólafur Pétursson
Heiðarlundi 18
Sturla Jóhann Hreinsson
Löngufit 34
Sveinn Snorri Sighvatsson
Aratúni 11
Þórður Árnason
Mávanesi 10

14. apríl, kl. 10.30 f.h.

Anna Dana Danielsdóttir
Ásbúð 11
Bryndís Ólafsdóttir
Hrísholti 7
Guðný Sigurjónsdóttir
Maragrund 1
Hanna Kristín Gunnarsdóttir
Melási 3
Heiðrún Jóhannsdóttir
Ásbúð 16
Helga Sigmundsdóttir
Ægisgrund 15
Herdís Sigurbergisdóttir
Ásbúð 68
Hugrún Jóhannsdóttir
Ásbúð 16
Kristín Halla Hafsteinsdóttir
Norðurbraut 27b Hafnarf.

Kristín Ólafsdóttir
Stekkjjarflöt 20
Lilja Vathnes Bryngeirsdóttir
Eskiholti 20
Sigrún Erlingsdóttir
Háholti 6
Þóra Margrét Baldvinsdóttir
Krókamyri 42
Guðmundur Gunnarsson
Smáraflöt 13
Gunnar Tjörvi Sigurðsson
Smáraflöt 46
Gunnar Örn Erlingsson
Lindarflöt 44
Haraldur Haraldsson
Hofslundi 13
Jóhann Georg Pálsson
Smáraflöt 9
Magnús Pálmi Örnólfsson
Þernunesi 13
Orri Max Rail
Stekkjjarflöt 8
Ólafur Þór Jónsson
Smáraflöt 14
Sigurður Gunnlaugsson
Lindarflöt 40
Sigurjón Eirsson
Holtsbúð 49
Stefán Örn Magnússon
Hrísholti 4
Sævar Örn Sævarsson
Smáraflöt 35

14. apríl, kl. 14.00 e.h.

Anna Einarsdóttir
Markarflöt 12
Bryndís Lára Torfadóttir
Markarflöt 22
Guðný Kristín Hauksdóttir
Þernunesi 8
Björn Þröstur Vilhjálmsson
Goðatúni 3
Gunnlaugur Guðl. Halldórss.
Aratúni 5
Halldór Einarsson
Smáraflöt 10
Jón Þórðarson
Furulundi 1
Jörundur Áki Sveinsson
Kjarrmóum 16
Magnús Baldvinsson
Hæðarbyggð 16
Matthías Helgi Júlíusson
Eskiholti 3
Ólafur Örn Jónsson
Engihlíð 7, Rvk.
Pétur Örn Richter
Hæðarbyggð 17
Ragnar Þórður Jónsson
Holtsbúð 36
Sverrir Már Ingjaldsson
Grenilundi 6

Hvernig á að senda skátaskeyti?



Tekið verður á móti pöntunum í síma 44466 (tvær línur) og einnig í Garðaskóla við Vífilsstaðaveg (gengið inn við Bókasafnið) milli kl. 10 og 17.

Verð á skeyti er kr. 110.

Skeytin verða afgreidd í sérstökum möppum.

Áletrun á skeytunum er:
Hjartanlegar hamingjuóskir á fermingardaginn.

Einnig verður tekið á móti skeytum í Hafnarfjörð og Kópavog þá daga sem fermt er í Garðabæ.



SÖLBADSTOFAN GARÐA SÓL

Iðnbúð 8
Garðabæ
Sími
641260

Opið
Mán-fös. 8-23.30
Laugard. 8-23.00
Sunnud. 14-20.00

Þjóðum eingöngu hina viðurkenndu
M.A. Professional sólarlampa

Einnig andlitsljós frá M.A.

Aðstaða okkar býður upp á aðstöðu
fyrir dömur og herra samtímis

Mallorkabrúnka eftir 5 tíma

Verið ávallt velkomin.

ANDROMEDA



Hárgreiðslu og snyrtistofa
Iðnbúð 4, Garðabæ

A T H!

Opið á þriðjudagskvöldum til 20.30

**ÞJÓÐUM UPPÁ SÉRSTAKAN
AFSLÁTT Á HÚÐHREINSUN.**

Pantanir í síma 43755.

Opið kl.9-6 - mánud. kl. 1-6 - laugard. kl. 9-1.

Fullt hús af brauðum og kökum

Seljum einnig
smurt brauð,
snittur,
brauðtertur og
ýmsar
mjólkurvörur

Opið alla virka daga frá kl. 9.00-18.00
laugardaga frá kl. 9.00-16.00



Dalshrauni 13, Sími 53744



Forsetamerkið

Forseti Íslands er verndari íslenskra skáta. Ár hvert afhendir hann dróttskátum Forsetamerkið við hátíðlega athöfn í Bessastaðakirkju. Forsetamerkið er nokkurs konar lokaáfangi í almennu skátastarfi. Að vinna að þessum áfanga

tekur tvö ár, en þá hafa skátarnir leyst öll grunnverkefni skátastarfsins af hendi m.a. verið sveitarforingjar eða aðstoðað sveitarforingja í minnst 6 mánuði og tekið þátt í hinum ýmsu námskeiðum. Laugardaginn 9. mars voru 20

skátum afhent Forsetamerki og voru þar á meðal tveir skátar úr skátafélaginu Vífli, Garðabæ. Þetta er í fyrsta skipti sem skátar úr Vífli fá afhent merkið.

K. Þ.

Videoportíð

Miðvangi 41 - Sími 651425

*Opið alla daga
frá kl. 15—22*

Leigjum út spólur og tæki

Ávallt nýtt efni.

Skátamót erlendis



Um 16 skátar frá Vífli vinna nú að því að fara út á skátamót í sumar. Þeir hafa haldið 2 diskótek til þess að safna sér upp í ferðina, og það stendur til að hafa fleiri fjáröflunarleiðir og hvet ég bæjarbúa til þess að líta jákvætt á þær og styrkja þá. Tvö skátamót eru í boði fyrir Vífil og þau eru; Landsmót norskra skáta haldið dagana 3.-10. ágúst í Notodden, um 2 tíma akstur frá Osló. Búist er við u.þ.b. 15.000 þátttakendum frá hinum ýmsu löndum. Mottó mótsins er „vatnahjól“ og er það eitthvað í sambandi við mótssvæðið og landið þar í kring.


Skátamót í Hollandi dagana 27. júlí til 3. ágúst og er það haldið í tilefni af 75 ára skátastarfi þar í landi. Það verður staðsett við Apeldeern.

F.J.

SÓLBAÐSSTOFA SIGURRÓS OTTÓSDÓTTIR

Ásbúð 83, Garðabæ.

SILVER SOLARIUM
SAUNA
ÆFINGATÆKI
GÓÐAR STURTUR OG
SNYRTIÐSTAÐA
HVÍLD OG KAFFI



HJÓNATÍMAR
EINSTAKLINGSTÍMAR
BARNAPÖSSUN
Tímamantanir í síma 45659

FEÐURÐ

FRÍSKLEIKI

**Við
lokum
aldrei**



Lónaðarbankinn
v/Hörgatún, Garðabæ

Allt á fermingarborðið

blóm

kerti

servéttur

skreytingar

Opið frá kl. 8-21
fermingarsunnudagana.



Blómabúðin

BUKNI

Linnetsstíg 3 - Sími 50971
Hafnarfirði

Fjórðungsmót SSK

„Út í eyjum“ var haldið skátamót síðastliðið sumar á vegum SSK (Skátasamband Kjalarnes-prófastdæmis) og var þetta jafn framt fyrsta mót þeirra. Skátafélagið Vífill fjölmennti þar með 35 manna hóp sem stóð sig í alla staði mjög vel. Undirbúningur hófst nokkrum mánuðum áður því margt var það sem þurfti að huga að. Stóra stundin rann svo upp 28. júní þegar stór hópur af höfuðborg-

arsvæðinu og frá Noregi sigldi með Herjólfu til Eyja. Á mótinu var margt hægt að gera sér til gamans og þar má nefna ýmsar skoðunarferðir, gönguferðir, sundferðir, þrautabraut og margt fleira. Eftir að hafa kynnt sér menningu þeirra Eyjamanna hélt hópurinn heim á leið 2. júlí rjóður í framan því glampandi sól var allan tímann.

Guðfinna og Fjóla



Sápugerðin Frigg framleiðir landsins mesta úrval af hreinlætisvörum og hreinsiefnum til iðnaðarhreinsunar.




Starfrækjum eigin rannsóknarstofu til vöruþróunar og gæðaeftirlits.

Sápugerðin

FRIGG 

Lyngási 1 Garðabæ Sími 51822

Myndir úr starfi Vífils



GARÐAKAUP

MÍÐBÆ GARÐABÆJAR

**NÝR MATVÖRUMARKAÐUR Í
MÍÐBÆ GARÐABÆJAR**

**LEGGJUM SÉRSTAKA ÁHERSLU
Á GÓÐA OG VANDAÐA KJÖTVÖRU**

ALLT Á LÁGMARKSVERÐI

Skátar á Spáni

Síðastliðið ár dvaldi ég á Spáni, bjó þar hjá spænskri fjölskyldu og gekk í menntaskóla eins og hver annar spænsk unglingur. Ég var ekki á þeim Spáni sem Íslendingar þekkja af auglýsingum ferðaskrifstofanna, þar sem sólin skín allan daginn. Nei, ég bjó á norðurströnd Spánar, þar sem sólin sést aðeins þegar vel liggur á henni, en rigningin heldur um stjórntauma mest allan veturinn.

Ég hafði lengi gælt við þá hugmynd að gaman væri nú að kynnast skátunum á Spáni, því hér heima var og er skátastarf mitt aðaláhugamál. Ég talaði um þetta við fjölskyldu mína og kunningja, en þar sem skátar eru lítið sem ekkert þekktir á Spáni var mér sagt að þetta væri borin von. Það var því fyrir tilviljun að ég kynntist skátum, sem seinna urðu mínir bestu vinir, og ég komst að því að skátastarf er mjög blómlegt þar. Það ber bara lítið á skátum þarna því þar fara þeir ekki í skrúðgöngur með fána á hátíðisdögum eða auglýsa sig á annan hátt. Þarna er heldur ekkert bandalag sem heldur félögunum saman, heldur hímir hver í sínu horni, og mest allur almenningur veit ekki hvað skátar eru. Skipting skátafélagsins í sveitir og annað slíkt var ekkert ósvipuð og hér, en sveitir eins og Hjálparsveitir skáta þekkjast ekki. Starf innan félaganna fer mest fram á veturna eing og hér, en þar sem þau höfðu engan ákveðinn samastað fór starfið mikið fram utan dyra. Farið var í helgarferðir auk þess sem farið var í stærri ferðir um jól og páska. Í þessum jóla- og páskaútilegum var dvalið í húsum eða skálum. Félagið átti aðgang að gömlu munkaklaustri frá því á 13. öld, sem krakkarnir höfðu unnið að, að gera íbúðarhæft. Þar var allsæmileg aðstaða til að fara með stóran hóp fólks. Það var mikil lífsreynsla að koma í svona ævagamalt og stórt hús, með þessum breiðu, löngu göngum og litlu gluggum. Eftir að dimma tók fórum við aldrei um gangana nema í fylgd annarra. Það var sem eitthvað umlykti mann þegar




Greinarhöfundur með spænskum skátum.

gengið var eftir þeim og mér var hugsað til þess fjölda fólks sem þar hafði eytt lífdögum sínum og það var sem hvert skref þeirra endurómaði í húsinu. Þarna dvöldum við í 4 daga um páskana og margar helgarferðir voru farnar þangað. Um jólin, fengum við að dvelja í gömlu prestsetri sem staðið hafði autt síðustu 4 árin. Þegar þangað var komið tók við gifurleg vinna við að hreinsa út úr húsinu og þar voru kóngulóarvefirnir í kílómetratali. Þeirri hugsun skaut oft upp í huga mínum hvort það væru ekki kóngulóarvefirnir sem héldu húsinu saman. Það tók okkur eina helgi að koma húsinu í íbúðarhæft ástand, en svo dvöldum við þar á milli jóla og nýárs, alls 5 daga. Nú hugsa margir að Spánn sé allt annað en Ísland, en eitt skal ég segja ykkur að allar þær nætur sem við dvöldum þarna gerði næturfrost og ekki var nein upphitun í húsinu, en heppnar var með okkur því það var sólskin alla dagana en ekki rigning eins og við höfðum búist við. En það er ekki öllu lokið. Strax eftir að skólum lauk, þ.e. í lok júní, fór félagið

saman í 14 daga tjaldútilegu. Þetta er gert árlega og er þetta loka-punkturinn á ársstarfi félagsins og það takmark sem stefnt er að mestallan veturinn. Það freistar barna og unglinga ákaflega mikið að fá að dvelja með jafnöldrum sínum í lengri eða skemmri tíma, án allra afskipta foreldra. Þau læra að taka tillit til hvers annars, vinna saman, ráða fram úr ýmsum vandamálum sem að steðja og ekki síst að axla hæfilega mikla ábyrgð. Það má því með sannri segja að **skátalíf sé útilíf**. Ég vona að þessi grein hafi vakið ykkur til umhugsunar um skátastarf og frætt ykkur um að það er fólk um allan heim að gera það sama og við skátarnir hér í Garðabænum og að við fylgjum öll hugmyndum Badens Powells. Við stefnum öll að sama merki en því lýsir Baden Powell í síðasta bréfi sínu til skátans, en þar segir hann „Að reyna að kveðja þennan heim ofurlítið fegri en hann var þegar við komum í hann”.

Kolbrún Reinholdsdóttir

FRYSTI- OG KÆLIKLEFAR tilbúnir á met tíma með stöðluðum BARKAR einingum!



Úr Barkar einingum færð þú frysti- og kæli-
klefa af hentugri stærð, niðsterka, þægilega
að þrifa, auðvelda í
uppsetningu og einangr-
aða með úreþan,
-besta einangrunarefni
sem völ er á.


Hentug grunnstærð
á einingum margfaldar
notagildi klefanna
þannig að þeir reynast

frábær lausn fyrir verslanir, fiskvinnslur,


kjötvinnslur, mótuneyti, veitingahús, hótél,
heimahús og alls staðar þar sem þörf er á
vandaðri geymslu til
kælingar og frystingar.

Krókalæsingar,
einfaldar en sterkar
tryggja skjóta og
trausta uppsetningu.
Niðsterk klæðning
með plasthúð auðveldar
fullkomið hreinlæti.

Hringið eða skrifið eftir frekari upplýsingum



Barkar frysti- og kæliklefar leysa vandann víðar en þig grunar



BÖRKUR hf.

HJALLAHRAUNI 2 · SIMI 53755 · PÓSTHÓLF 239 · 220 HAFNARFIRDI